

GJALDSKRÁ

fyrir stuðningsþjónustu í Múlaþingi
samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

1. gr.

Almenn heimilisstörf.

Þjónustupegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf.

Fullt gjald fyrir stuðningsþjónustu er kr. 2.272 fyrir hvern unninn tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en 10 klst. á mánuði. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls. Mögulegt er að sækja um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega af starfsmönnum fjölskyldusviðs samkvæmt viðmiðum í fylgiskjali með gjaldskrá þessari. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga og vísitölu neysluverðs sem reiknast frá 1. desember ár hvert.

Afsláttur af gjaldi fyrir aðstoð við almenn heimilisþrif.

Afsláttur eða niðurfelling gjalda er metin samkvæmt innsendum tekjuupplýsingum/skattframtali árlega. Starfsmaður fjölskyldusviðs kallar árlega eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustupegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum greiða þeir fullt gjald. Undanþága frá gjaldi gildir ekki fyrir heimsendan mat.

Stuðningsþjónusta vegna fatlaðra barna er gjaldfrjáls.

2. gr.

Heimsendur matur.

Þjónustupegar greiða fyrir heimsendan mat.

Hver skammtur kostar kr. 1.208.

3. gr.

Daggjald í dagvist aldraðra.

Samkvæmt reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum 2021, er daggjald kr. 1.313.

4. gr.

Fæðisgjald.

Fæðisgjald í Stólpa, hæfingu/iðju, er kr. 750 á dag.

5. gr.

Útlagður kostnaður vegna félagslegs stuðnings.

Notandi stuðningsþjónustu greiðir eigin kostnað vegna frístundastarfs sem hann tekur þátt í með stuðningsaðila. Fjölskyldusvið Múlaþings endurgreiðir stuðningsaðila útlagðan kostnað gegn framvísun kvittana, að hámarki kr. 7.000 á mánuði. Sveigjanleiki er varðandi það að nýta fjármagn frá mánuði til mánaðar, þó ekki á milli ára.

6. gr.

Garðsláttur.

Umsækjendur sem metnir eru í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta átt rétt á allt að þremur gjaldfrjálsum garðsláttum yfir sumarið að uppfylltum eigna- og tekjumörkum skv. gjaldskrá þessari.

7. gr.

Snjómokstur.

Umsækjendur sem metnir eru í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta átt rétt á snjómokstri. Greitt er fyrir snjómokstur skv. gjaldskrá þjónustumiðstöðva í Múlaþingi.

8. gr.

Innheimta.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema þess sé sérstaklega óskað.

9. gr.

Tekjumörk.

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2023 er miðað við fjárhæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2023.

10. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi, sem er sett í samræmi við 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 52/2022 fyrir stuðningsþjónustu í Múlaþingi samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 8. febrúar 2023.

Múlaþingi, 10. febrúar 2023.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

Fvlgiskjal.**Útreikningar á gjalddöku fyrir stuðningsþjónustu.**

Útreikningar á gjalddöku fyrir stuðningsþjónustu miðast við tekjur heimilisins. Viðmiðunarupphæðir í gjaldskrá og tekjumörk eru fengin úr upphæðum bóta almannatrygginga 1. janúar 2023.

Viðmiðunarupphæð lausafjáreigna er 3.227.866 kr. og skal taka mið af breytingum vísitölu neysliverðs frá 1. desember ár hvert.

Tekjulágir einstaklingar geta sótt um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af fjölskylduráði, miðað er við tekjur skv. 1. og 2. fl.

Kostnaður sem hver einstaklingur greiðir á klst. miðað við tekjur.

Þegar um sambýlissfölk er að ræða þá er upphæð margfölduð með 1,6.

<i>Einstaklingar</i>	<i>Hjón</i>	<i>Gr. pr. klst.</i>		
0 - 365.908	0 - 585.453	0%	Niðurgreidds tímakaups	0 kr.
365.908 - 548.862	585.453 - 878.179	50%	Niðurgreidds tímakaups	1.136 kr.
548.862 og hærra	878.179 og hærra	100%	Niðurgreidds tímakaups	2.272 kr.